

Áhrif nýrra laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á lögaðila

Vissir þú að ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka leggja **ríkar skyldur á fjármálafyrirtæki** og aðra sem falla undir gildissvið laganna? Gerð er krafa um að þessir aðilar skilji starfsemi, eignarhald og stjórnskipulag viðskiptavina sinna og staðfesti þær upplýsingar sem viðskiptavinir veita. Lögð er áhersla á að aflað sé fullnægjandi upplýsinga um raunverulegan eiganda viðskiptavinar sem og þá sem eru í þeirri stöðu að geta haft áhrif á starfsemi og rekstur hans og skylt er að framkvæma áreiðanleikakönnun á öllum þessum aðilum.

Áreiðanleikakönnun

Lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða sambærilegir aðilar þurfa að **sanna á sér deili** með upplýsingum úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá. Þeir einstaklingar sem eru í þeirri stöðu að geta haft áhrif á starfsemi og rekstur viðskiptavinar, skulu jafnframt **sanna á sér deili**, ásamt þeim einstaklingum sem teljast til **raunverulegra eigenda**¹. Aðilar sem koma fram fyrir hönd fjárvörslusjóðs eða sambærilegra aðila **skulu að eigin frumkvæði** upplýsa fjármálafyrirtæki um stöðu sína sem fjárvörsluaðili. Undir vissum kringumstæðum er skylt að framkvæma **aukna áreiðanleikakönnun**.

Aukin áreiðanleikakönnun

Skylt er að kalla eftir ítarlegri upplýsingum um lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila, sem og þá sem geta haft áhrif á reksturinn og raunverulegan eiganda.

Aukna áreiðanleikakönnun þarf að framkvæma:

- Þegar lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða sambærilegir aðilar eru staðsettir í ríkjum sem eru skilgreind áhættusöm eða ósamvinnuþýð af stýrihóp um aðgerðir gegn peningabætti sem skipaður er af ráðherra.
- Í millibankaviðskiptum yfir landamæri þegar um framkvæmd greiðslna er að ræða við aðila frá löndum utan EES.
- Áhættumat gefur til kynna aukna áhættu.

Þeir sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur eru m.a. prókúruhafar og aðrir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn.

Raunverulegur eigandi er alltaf einstaklingur og er sá aðili sem í raun getur tekið ákvörðun um ráðstöfun fjármuna, stjórnun fyrirtækja og sá aðili sem nýtur góðs af þeim eignum sem um ræðir. Gerður er greinarmunur á lagalegum eiganda og raunverulegum eiganda. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

- Í tilviki lögaðila:
 - Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirræð yfir lögaðila. Þetta á ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði.

¹ Um áreiðanleikakönnun á þessum aðilum vísast til kynningarefnis um nýja löggjöf fyrir einstaklinga.



- ii) Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi.
- b. Í tilviki fjárvörslusjóða og sambærilegra aðila, allir eftirtaldir aðilar:
 - i) fjárvörsluaðili,
 - ii) stofnaðili,
 - iii) ábyrgðaraðili, ef við á,
 - iv) réttthafi, einn eða fleiri. Ef réttthafi hefur ekki verið tilgreindur telst réttthafi vera hver sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem mun njóta ávinnings af stofnun fjárvörslusjóðs eða sambærilegra aðila,
 - v) aðrir einstaklingar sem hafa yferráð, með beinum eða óbeinum hætti, yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila.

Sé niðurstaða áreiðanleikakönnunar sú að viðskiptavinur samræmist ekki áhættustefnu fyrirtækisins er fyrirtækinu heimilt að hafna eða slíta viðskiptasambandinu